

Umhverfis- og skipulagsráð 22. apríl 2026

## Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu 1. lotu Borgarlínu

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu undirbúnings 1. lotu Borgarlínu, það er kaflans frá Nauthólsvegi að Hlemmi og útfærslu í miðborg (Kvos):

1. Hver er staða deiliskipulags fyrir þennan kafla og hvenær liggur fyrir endanleg ákvörðun um útfærslu?
2. Í áliti Skipulagsstofnunar á umhverfismati Borgarlínu kemur fram að endanleg útfærsla í þessum hluta liggji ekki fyrir og verði ákveðin á deiliskipulagsstigi. Jafnframt er ljóst að ýmsir valkostir eru enn til skoðunar.
  - Hefur verið tekin formleg ákvörðun um hvaða valkostur verði fyrir valinu í Kvosinni?
3. Fyrir liggur að umferð um Fríkirkjuveg er um 7–8 þúsund bílar á dag, sem gerir götuna að einni af lykiltengingum í miðborginni. Samhliða hafa komið fram valkostir í gögnum Borgarlínu og umfjöllun þar sem:
  - gert er ráð fyrir verulegri skerðingu á umferð
  - eða jafnvel að einungis Borgarlínuvagnar fái að aka um Fríkirkjuveg.

Er til skoðunar valkostur sem felur í sér að Fríkirkjuvegur verði lokaður að hluta eða öllu leyti fyrir almenna bílaumferð, eða að umferð verði takmörkuð þannig að hún hafi í reynd sömu áhrif?

4. Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að breytingar á umferðarskipulagi verði umfangsmiklar og hafi í för með sér tilfærslu umferðar á aðrar götur og verulegar breytingar á samgöngumynstri.
  - Hvernig hefur verið metið sérstaklega hvaða áhrif lokun eða veruleg takmörkun á Fríkirkjuvegi myndi hafa á umferð í miðborg og nærliggjandi gatnakerfi?
5. Ef slíkir valkostir eru enn til skoðunar:
  - Hvaða valkostir liggja fyrir í dag varðandi Fríkirkjuveg og Lækjargötu?
  - Hvaða valkostir hafa verið felldir út og á hvaða forsendum?